

5/3'80

Á R S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi árið 1979

1. Veðurfar ársins.

Veðurfar ársins var mjög óhagstætt. Klaki hljóp djúpt í jörðu seinni hluta desember 1978. Snjóþyngsli urðu sððan óvenju mikil. Vorið, ef vor skyldi kalla, var afar kalt, og sumarið var kalt og þurt en mjög sólríkt. Haustveðráttta var fremur hagstæð. Ísa leysti að fullu af Hreðavatni hið 23. maí og hinn 9. nóvember lagði vatnið aftur. Vatnið var því íslaust 170 daga.

Þar sem veðurskýrslur fyrir allt árið liggja ekki enn fyrir, verður það að bíða að setja upp töflur yfir hina ýmsu veðurbætti á völdum stöðum í umdæminu. Skil ég því eftir eyðu fyrir þær.

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

Laufgun og lauffall birkis. Birki á Vesturlandi laufgaðist seinna en ég veit dæmi til. Í dagbók tel ég Jafnaskarðsskóg laufgaðan 28 júní. Fulllaufgaður var hann þó ekki. Seinni part júlí var skógurinn smalaður, og reyndist það mjög auðvelt því að hann var svo gisinn. Réttast mun vera, að skógurinn var ekki fulllaufgaður fyrr en viku af ágúst, þá fyrst var blaðstærðin eðlileg. Algert lauffall varð viku af október.

VÖXTUR. Vöxturverður að teljast með lakara móti, nema sumsstaðar á blá-grenni og sitkagrenni.

Fræfall. Fræfall á birki var ekki teljandi, og sama er að segja um aðrar tegundir. Á stafafuru var þó nokkuð af könglum, en ekki svo mikið að það tæki því að safna.

Skaðar. Eftir veturinn voru allir barrviðir venju fremur ljósir. Rauðgrenni var mjög gult og sumsstaðar féll af því allt barr. En brumin voru heil og uxu eðlilega miðað við veðurfarið. Eftir er þó að vita, hvort sprótar hafi náð nægum þroska. Stafafura var mjög ljós og mikið af rauðum sprótum, og var sýnt þá strax, að ekki yrðu nein jólatré af henni. Í haust kom í ljós, að ársprótar af sitkagrenni voru víða mjög beygðir undan norðanáttinni og sumsstaðar voru þeir rauðir orðnir. Hér er væntanlega um haustfrost að ræða, en ekki er hægt að vita fyrr en með vorinu, hversu víðtækir þessir skaðar eru. Á Vesturlandi er á nokkrum stöðum ískeygglega mikið af furulús á stafafuru.

3. STARFSFÓLK.

Birgir Hauksson Starfaði allt árið. Frá 5. júní til 7. september var starfandi matarfélag. Auk ráðskonu störfuðu 5 stúlkur og 3 piltar. Gunnar Eiríksson, Grjóti, sá um viðhald Gilsbakka-, Síðumúla-, og Arnbjargar-lækjargingar auk Norðtunguskógar. Auk okkar Birgis störfuðu 2 menn við högg jólatrjáa. Nær allt starfsfólkið er úr héraðinu og ræður sig með því skilyrði, að það fái hálfmánaðar frí til heyskapar. Þessu sinni lá því starfsemin niðri milli 29. júlí og 13. ágúst. Þann tíma vorum við Birgir með norsku skógræktarfélagi í Stykkishólmi og Jafnaskarðsskógi.

4. GIRÐINGAR.

Umfram þær girðingar, sem áður voru nefndar, var aðeins unnið að nauðsynlegu viðhaldi girðingarinnar um Jafnaskarðsskóg. Ég hef góða von um að fá mann til þess að annast viðhald girðinga í vestanverðri Mýrasýslu og annan til þess að sjá um girðingar í Dalasýslu.

Um mörg ár hefur viðhaldi verið mjög lítið sinnt og margar girðingar orðnar gamlar og úr sér gengnar. Nauðsynlegt er að endurgirða

Jafnaskarðsskóg að verulegu leyti á næsta sumri og sama er að segja um Stórafjallsgirðingu. Þetta þyrfti áð ákveða hið fyrsta, svo að hægt sé að flytja efnið á vetrarfæri. Vegagerðarmenn hyggjast nú ljúka við að girða Sauðhússkóg. Þá þarf að kosta verulegu viðhaldi upp á girðingar í Dölum.

Ekki hefur tekist að fá eiganda Munaðarnessgirðingar til þess að skrifa undir samning við Skógrækt ríkisins. Girðingin er að mestu leyti ónýtt, en mér þykir ekki fært að leggja í neinn kostnað við hana nema samningar takist.

5. SKÓGARHÖGG.

Grisjun eða fráklipping var talsverð, einkum í Jafnaskarðsskógi. Hún hefur verið mjög vanrækt á undanförunum árum og er aðkallandi í öllum girðingunum. Hér er gífurlegt verk að ræða. Hefur verið reynt að komast yfir sem mest og bara tekið hið nauðsynlegasta. Nokkuð af við þeim, sem til hefur fallið, hefur verið notaður til eldiviðar í Jafnaskarðsskógi.

Jólatré voru merkt í september og raunar í ágúst líka. Frá þeim tíma gulnuðu þau mjög mikið, svo að til vandræða horfði. Merkt voru hátt á áttunda hundrað trjáa, en höggvin voru 518 tré. Var þó höggvið talsvert af trjám, sem voru í gulasta lagi. Til þess að komast að trjánunum fékk ég jarðýtu til þess að ryðja traktorsslóða um norðurhluta Jafnaskarðsskógar.

Þetta var höggvið:

Rauðgreni	minna en 1 m	100
"	1.0-1.5 m	180
"	1.5-2.0 m	120
"	2.0-2.5 m	52
"	2.5-3.0 m	26
"	3.0-4.0 m	36
"	<u>4.0-5.0</u>	<u>4</u>

Samtals 518 *og Vínafjallsskógi*

Trén voru öll höggvin í Jafnaskarðsskógi, annarsstaðar höfðu þau gulnað svo, að þau voru ekki tæk. Engar greinar voru teknar af stafafuru af ástæðum, sem áður hefur verið greint frá.

Verði sumarveðráttu með þeim hætti, sem verið hefur undanfarin tvö sumur, er sýnt að bera verður rösklega á allt rauðgreni, sem höggva á sem jólatré.

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

Dreifplöntun.

Birki, Geitagerði 1/0, B 950 7.000

Viðja, Norðtungu	1.800
Alaskavíðir	200
Alaskaösp, Norðtungu	500
	<hr/>
Samtals	9.500

Auk þessa voru eftirfarandi garðplöntur frá Hallormsstað, sem ekki seldust, settar í reitinn: Blátoppur 48, Dúntoppur 20, Birkikvistur 100.

Garðplöntur. Eftirfarandi var selt úr reitnum:

Viðja	390
Alaskaösp	9
Broddfura (mestöll frá Hall.)	48
Birkikvistur	14
Reyniviður	15

Í ný skjólbelti og viðhald gamalla fóru 410 viðjur.

Aberandi er að Borgfirðingar eru mjög fátíðir gestir í reitnum, eru þeir greinilega ekki vanir því að þurfa að greiða fyrir plöntur.

Afhending skógarplantna.

Rauðgreni 2/3 til SKRIK, Vesturl	4.950
Stafafura 2/3 til SKRIK, Vesturl	3.100
Stafafura 2/3 seldar	100
	<hr/>
Samtals	10.710

Stafafuran reyndist hafa verið illilega ofstalin haustið 1978.

Til afhendingar vorið 1980 verða eftirfarandi plöntur úr reitnum:

Rauðgreni 2/4 B 804	9.000
Stafafura 2/4 B 854	1.000

Auk þess komu frá Vöglum í haust eftirfarandi plöntur til afhendingar að vori:

Birki 2/2 Skriðukl. B 901	6.000
" 2/0 Geitag, B950	2.625
" 2/0 Andselv, Nor.	500
	<hr/>
Samtals	9.125

Nýframkvæmdir voru engar nema hvað keyptur var lítill garðtætari. Hann er eina vélknúna tækið, sem til er í Norðtungureit.

Ymislegt. Svo sem kunnugt er afhenti Skógræktarfélag Borgfirðinga Skógrækt ríkisins gróðrarstöðina í Norðtunguskógi, og skyldi hún reka stöðina framvegis í þágu Vestfirðingafjórðungs aðallega. Hætti Skógrækt ríkisins rekstri stöðvarinnar, fellur hún endurgjaldslaus til Skógræktarfélags Borgfirðinga með mannvirkjum þeim og gróðri, sem þar verður. Af þessum sökum kemur tæplega til greina að leggja niður stöðina, en ákveða þarf, hvaða rekstur þar eigi að vera og síðan að setja upp viðeigandi tækjabúnað og aðstöðu. Vinnuskúrarnir eru sem kunnugt er óeinangraðir og rafmagnslausir.

7. GRÓÐURSETNING.

Norðtunguskógur:	Stafafura 2/3, Haines B 854	2.600 ✓	
	Rauðgreni 2/3, B 804 2.930 ✓	
	Lerki 1/1, Altai <u>2.580</u> ✓	8.110 ✓
Síðumúlagirðing:	Stafafura, 2/3, Haines <u>500</u> ✓	500
Jafnaskarðsskógur:	Rauðgreni, 2/3, B 804 <u>2.000</u> ✓	<u>2.000</u> ✓
		<u>Samtals</u>	<u>10.610</u>

Rauðgrenið í Jafnaskarðsskógi og lítill hluti rauðgrenisins í Norðtunguskógi var sett í ágúst.

8. HIRÐING PLANTNA.

Um hirðingu plantna er rétt í kaflanum um skógarhögg. Aðeins var borið á plöntur í Jafnaskarðsskógi.

9. Byggingar.

Í febrúar var byrjað á að breyta íveruhúsinu í Norðtunguskógi, Skógarkoti og síðar reist viðbygging. Verkið gekk mun seinna, en ráð var fyrir gert og varð mun dýrara. Eftir stendur að ganga frá nokkrum atriðum svo sem nýjum útidyrum og föstum rúmstæðum og skápum á svefnloftum. Verður húsið nú hið vistlegasta, og hægt að nýta það allt árið. Nauðsynlegt er að leggja nýja vatnsleiðslu, því að gamla leiðslan er ekki lögð nógu djúpt í jörðu. Með þessu fæst allt önnur aðstaða til þess að stunda girðingarnar í austanverðri Mýrasýslu.

10. Vélar og verkfæri.

Eina gangfæra vélin, sem hér var til, var Toyota station bifreið. Hún er æði viðhaldsfrek og alltof veikbyggð og varla nothæf nema um hásumarið á góðum vegum. Lítil Norlett-tætari var keyptur í vor, og reyndist vel, þótt hann hefði mátt vera stærri. Þá lét ég byggja kerru til flutninga og reyndist hún ágætlega. Dráttarvél er engin til. Þórir Kristjánsson í Munadarnesi hefur lánað okkur dráttarvél sína undanfarið tvö sumur gegn því, að við sæjum um viðhald hennar. Hefur hann með þessu bjargað okkur algerlega. Hér er til ein lítil Mc Culloch vélsög. Engar kjarrsagir eru til og engar vélknúnar úðadælur.

11. Ýmislegt.

Í sambandi við nýbygginguna í Skógarkoti sá ég um svo til allar útréttingar og flutning á efni. Helstu ferðalög of fundir voru:

19.-24. mars	Skógarvarðafundur í Reykjavík.
8.-11. maí	Ferð um allar skógræktargirðingar á Snæfellsnesi.
25.-26. maí	Aðalfundur Skógræktarfélags Stykkishólms.
17.-19. júlí	Ferð til Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

26.-28. júlí	Ferð um Barðastrandarsýslur.
1.- 7. ágúst	Ferð með norðmönnum um Snæfellsnes.
8.-13. ágúst	Með norðmönnum í Borgarfirði.
30. ág.-1. sept.	Á aðalfundi Skf. Ísl. í Varmahlíð.
11.-14. sept.	Ferðalag með skógræktarstjóra um Mýrasýslu og Snæfellsnes.
27.-29. sept.	Með Snorra Sigurðssyni um skógræktargirðingar í Dalasýslu.
11.-12. des.	Höggvin Jólatré í Ytrafellsskógi.

12. LOKAORÐ.

Forveri minn í starfi lauk stundum skýrslum sínum með þessu kaflaheiti. Beindi hann þá gjarnan sjónum sínum að ýmsu í nútíð og framtíð, og ætla ég nú að fylgja dæmi hans.

Fyrst er þess að geta, að þetta umdæmi hefur verið svelt í áratugi. Framkvæmdafé hefur nær eingöngu verið varið til nýrra girðinga og gróðursetningar, og viðhald hvortveggja verið vanrækt, svo að verkefnin hafa hrannast upp. Ljóst er að þeim verður ekki sinnt nema með því að hafa tvo vinnuflokka í gangi yfir sumartímann næstu árin. Til þess að svo megi verða verður að koma til tvennt: Viðunandi aðstaða fyrir verkafólk á nokkrum stöðum og nægilegur tækja- og verkfærakostur.

Nú hefur Skógarkot í Norðtunguskógi verið endurbyggt, og er aðstaða þar ágæt, nema hvað vinnuskúrar eru óeinangraðir og rafmagnslausir. Þaðan má stunda Gilsbakkagirðingu, Síðumúlagirðingu, Arnbjargarlækjargirðingu, Arnarholtsreit og Munadarnesgirðingu, ef hún verður áfram í umsjá Skógræktar ríkisins.

Jafnaskarðsskógur er stærsta skóglendið, sem Skógrækt ríkisins hefur yfir að ráða og er sennilega bestur til skógræktar. Þar er 1 íveruskúr með tveimur herbergjum. Hann er óeinangraður, vatnslaus og óvistlegur. Legg ég til að þar verði sett upp tilbúið hús strax á vori komanda, t.d. frá Húsasmíðjunni. Slík hús eru sett upp á einni viku og matar og ferðakostnaður byggingamanna því hverfandi lítill. Þaðan má stunda Hvammsgirðingu, Hreimsstaðagirðingu og Munadarnesgirðingu.

Um Sauðhússkóg er það að segja, að þar má væntanlega komast að samkomulagi við Vegagerð ríkisins, eða réttara sagt starfsmannafélags hennar, um afnot á húsi félagsins á ákveðnum tímum. Hugsanlega mætti stunda Stórafjallsskóg þaðan, en þangað eru vegleysur, sem erfitt er að bæta úr. Hallast ég heldur að því, að setja þar upp lítið, tilbúið hús. Slíkt hús er fáanlegt í Borgarnesi fyrir 1 - 1.5 milljónir króna. Yrði að flýttja það þangað á vetrarfæri.

Hvernig best væri að stunda girðingar í suðurhluta Dalasýslu, hef ég ekki gert mér mikla grein fyrir, en hugsanlega mætti fá aðstöðu í sláturhúsinu í Búðardal.

Staðarfells- og Ytrafellsgirðingar mætti vel stunda frá Staðarfelli. Eins og er, er þar ekkert skólahald, en þar hefur verið rekið sumardvalarheimili þangað til á síðastliðnu sumri. Ef svo helst, tel ég líklegt að aðstaða fengist þar. Annar möguleiki er að fá inni í veiðihúsinu við Kjallaksstaðaá, sem er rétt við Ytrafellsgirðinguna. Það yrði að vera utan veiðitímans, sem hefst 20. júní.

Laugabólsgirðingu í Ísafjarðardjúpi mætti hugsanlega stunda á sumrin frá Reykjanesskóla. Vegalengdin er þó fullmikil, eða 30 km.

Loks er hugsanlegt að vera með færanleg hús líkt og Vegagerð ríkisins. Væri þá væntanlega hægt að hafa samvinnu um það við skógræktarfélagin á Vesturlandi og Vestfjörðum. Þá er hugsanlegt að leigja slíka skúra tíma og tíma hjá Vegagerðinni.

Hvað sem öllu öðru líður, er nauðsynlegt að stjupa upp sámilega rúmgott íveruhús í Jafnaskarðsskógi og lítið eins herbergishús í Stórafjallsskógi.

Eins og frá hefur verið skýrt, voru einu tækin, sem til voru Toyota sendibifreið og Mc Culloch keðjusög af minnstu gerð. Bíllinn er orðinn mjög lélegur, enda veikbyggður í upphafi, og raunar ónothæfur nema að sumarlagi, þegar vegir eru bestir. Hann mun þurfa verulegt viðhald fyrir vorið, ef hann á að vera nothæfur í sumar.

Sé miðað við að 2 vinnuflokkar verði í gangi næstu árin, er nauðsynlegt að fá eftirfarandi tæki:

- 2 bíla ^{annan} með drifi á öllum hjólum
- 1 dráttarvél
- 4 kjarrsagir
- 2 keðjusagir
- 3 talstöðvar í bíla
- 1 viðarsög og viðarkleyfir (dráttarvélartengd)
- 1 úðadælu, vélknúna

Ef ekki er hægt að útvega þessi tæki og vélar, legg ég til að ekki verði sinnt öðru næstu tvö árin en nauðsynlegu viðhaldi, og þeim fjármunum sem sparast verið til kaupa á þeim.

Að lokum skal bent á það, að annan vinnuflokkinn mætti reka í samvinnu við skógræktarfélagin í umdæminu. Mundu þau þá væntanlega taka þátt í sameiginlegum föstum kostnaði við flokkinn.

Mógilsá á þorra 1980,

Haukur Ragnarsson